

Ár 2017, þriðjudaginn 20. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. heyrir undir kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 28. október 2015 frá formanni stjórnar Fríhafnarinnar ehf. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði laun framkvæmdastjóra félagsins. Laun hans hafi dregist verulega aftur úr miðað við laun stjórnenda í sambærilegum atvinnurekstri. Þá hafi orðið gríðarleg aukning í umsvifum Fríhafnarinnar ehf. sem hafi kallað á aukna ábyrgð, álag og vinnu framkvæmdastjórans. Fram kemur að miklar breytingar hafi orðið á rekstri Fríhafnarinnar ehf. samfara auknum umsvifum félagsins undanfarin ár. Það komi ekki síst til vegna aukins straums ferðamanna til Íslands. Aukin umsvif endurspeglast meðal annars í aukinni veltu en milli áruna 2012 og 2014 hafi velta félagsins vaxið um 22,3% og viðskiptavinum fjölgað um 28%. Fyrstu mánuði ársins 2015 (janúar-ágúst) hafi velta vaxið um 11,5% miðað við sama tíma árið 2014 og reiknað sé með að heildarvelta ársins 2015 verði í kringum 9,5 milljarða króna. Á þessum sama tíma hafi viðskiptavinum fjölgað um 21% og reiknað sé með að þeir verði 1.400.000 á árinu 2015. Til samanburðar hafi heildarfjöldi viðskiptavina Fríhafnarinnar ehf. verið 850.000 árið 2012. Þá kemur fram í bréfinu að stöðugildum hafi fjölgað um 23% frá árinu 2012. Í ársreikningum félagsins frá árunum 2012 og 2013 komi fram að stöðugildi hjá fyrirtækinu árið 2012 hafi verið 123,9 og árið 2013 hafi þau verið 139,8. Árið 2014 hafi stöðugildi verið 152,1 og meðalfjöldi stöðugilda í janúar til ágúst 2015 hafi verið 165.

Með bréfum dagsettum 19. nóvember 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfi dagsettu sama dag var framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. sendi kjararáði bréf dagsett 1. desember 2015. Í bréfinu segir að umsvif fyrirtækisins hafi aukist umtalsvert á liðnum árum. Samhliða mikilli fjölgun farþega sem fari um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi veltan aukist mikið sem og starfsmannafjöldi. Þá segir í bréfinu að Fríhöfnin ehf. gegni mikilvægu hlutverki í þeirri miklu uppbyggingu sem hafi verið og sé framundan á Keflavíkurlflugvelli. Þær tekjur sem móðurfélagið Isavia ohf. fái í gegnum Fríhöfnina séu um 70% af óflugtengdum tekjum félagsins og séu þær nýttar til uppbyggingar flugvallarins. Laun framkvæmdastjórans séu ekki samkeppnishæf við laun annarra í þjóðfélaginu sem gegni svipuðum störfum. Launin séu ekki heldur samkeppnishæf þegar litið sé til sambærilegra starfa sem kjararáð ákveður laun fyrir.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 21. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Fríhafnarinnar ehf. hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um laun framkvæmdastjórans að öðru leyti en fram komi í bréfi stjórnarformannsins og telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun framkvæmdastjórans.

Með bréfi dagsettu 8. janúar 2016 fékk framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. sent svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Athugasemdir bárust ekki.

Í bréfi formanns stjórnar Fríhafnarinnar ehf. dagsettu 25. janúar 2017 er ítrekuð ósk um endurskoðun launa framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf.

III.

Fríhöfn hefur verið rekin á Keflavíkurlflugvelli frá árinu 1958. Fríhöfnin ehf. er dótturfélag Isavia ohf. Fríhöfnin ehf. rekur verslanir með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stjórn Fríhafnarinnar ehf. ræður framkvæmdastjóra og veitir prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þessir aðilar kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. laun 29. júní 2013. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með vísan til þess sem að framan greinir um starfsemi Fríhafnarinnar ehf. og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að laun og starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber